




Ársskýrsla

árið 2017-2018



Eftirfarandi eru helstu viðfangsefni og viðburðir í starfi Leiknar á starfsárinu 2017-2018.

1. Aðalfundur Leiknar 2017

Aðalfundur Leiknar samtaka fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi, fyrir starfsárið 2016-2017 var haldinn þriðjudaginn 25. apríl kl. 12:00-13:00 hjá Fræðslunetinu á Selfossi. Þetta var 13. aðalfundurinn frá upphafi. Mættir voru aðilar frá 14 af 19 stofnfélögum en alls 20 þátttakendur. Gengið var til boðaðrar dagskrár en fundarstjóri var kosinn Inga Dóra Halldórsdóttir og fundarritari Helga Gísladóttir.

Guðrún Vala Elísdóttir starfandi formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hún tók við formlega við formennsku 1. febrúar, en Hulda Anna Arnljótsdóttir hætti störfum hjá Starfsmennt og þar með sem formaður Leiknar. Voru Huldu þökkuð góð störf í þágu Leiknar og fullorðinsfræðslunnar.



Guðrún Vala kynnti skýrslu stjórnar og fór yfir helstu verkefni og áherslur starfsársins á glærum. Hún rifjaði upp aðalfund frá árinu áður sem haldinn var í húsnæði Iðunnar í Vatnagörðum, og sagði frá starfinu og aðal verkefnum ársins.

Þá var ársreikingur lagður fyrir og samþykktur.

Guðrún Vala Elísdóttir hjá Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi gaf kost á sér til formennsku og var það samþykkt með lófaklappi. Nýr fulltrúi í stjórn var kosinn Helgi Þorbjörn Svavarsson hjá Símey. Áfram sátu í stjórn Anna Kristín Gunnarsdóttir frá Mími, Guðrún Lárusdóttir frá Endurmenntun Lbhí, Þuríður Sigurðardóttir frá Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Í varastjórn sitja þau Helga Gísladóttir frá Fjölmennt og Ólafur Ástgeirsson frá Iðunni Fræðslusetri. Ný stjórn skipti með sér verkum eins og samþykktir félagsins kveða á um.

Stjórn Leiknar var þannig skipuð starfsárið 2017-2018:

Guðrún Vala Elísdóttir – formaður (Símenntunarmiðstöð Vesturlands)

Guðrún Lárusdóttir – gjaldkeri (Endurmenntun Landbúnaðarháskóla Íslands)

Helgi Þorbjörn Svavarsson – ritari (Símey)

Þuríður Sigurðardóttir – varaformaður og vefstjóri (Fræðslumiðstöð Vestfjarða)

Anna Kristín Gunnarsdóttir – meðstjórnandi og varaformaður (Mímir)

Helga Gísladóttir – varamaður (Fjölmennt)

Ólafur Ástgeirsson – varamaður (Iðan – fræðslusetur)

Ný stjórn hélt fjóra stjórnarfundi á starfsárinu, sem allir voru haldnir í Reykjavík eða í gegnum Skype fundarherbergi. Ennfremur eru tölvupóstar á milli stjórnarfulltrúa ígildi stjórnarfundum sbr. fyrri stjórnarsamþykktir. Ákveðið var eins og áður að boða varamenn á alla stjórnarfundi og að þeir tækju fullan þátt í starfinu. Allar fundargerðir stjórnar eru birtar á heimasíðu Leiknar þegar að þær hafa verið samþykktar af stjórnarmönnum. Á vefsíðu Leiknar má einnig finna önnur gögn, skýrslur og vefslóðir sem tengjast starfsemi. Alltaf var boðað til stjórnarfundum með góðum fyrirvara og dagskrá, og Leikn greiðir ferðakostnað stjórnarmanna sem koma um langan veg.

2. Ráðstefna Leiknar og Kvasis

Í tengslum við aðalfund 2017 var haldin ráðstefnan „Aðgengi fullorðinna að námi, hvati til náms og hindranir sem þarf að yfirstíga“. Ráðstefnan sem var samstarfsverkefni Leiknar og Kvasis, var haldin á Hótel Selfossi eftir að aðalfundi lauk þann 25. apríl. Fluttu voru fimm erindi auk ávarps ráðstefnustjóra Eyjólfssonar framkvæmdastjóra Fræðslunetsins á Suðurlandi. Mjög góð mæting var á ráðstefnunni eða um 60 manns, og almenn ánægja var með erindin.

Dr. Sif Einarsdóttir flutti erindið „Aðgengi fullorðinna að framhaldsskólum“ sem byggt er á meistaranannsókn Elínar S. Welding Hákonardóttur.

Lára Rún Sigurvinsdóttir verkefnastjóri Menntavísindastofnunar flutti erindið „Eitt skref áfram – að mæta þörfum fólks sem sækir síður í nám. Rannsóknarþættir GOAL verkefnisins.“

Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri og deildarstjóri félagsmáladeildar ASÍ flutti erindið „Tækifæri fyrir alla-réttur allra“.

Jóhannes H. Steingrímsson framkvæmdastjóri Studiu ehf. fjallaði um brottfallsrannsóknir í framhaldsskólum

Hörður Baldvinsson verkefnastjóri hjá Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi flutti erindið „Frá áhuga til árangurs- um Stóriðjuskóla Norðurlands.“

Glærur frá ráðstefnunni má finna á heimasíðu Leiknar.

3. Helstu verkefni stjórnar

3.1. Fræðsluerindi og veffréttabréf

Leikn skipulagði sex fjarfræðsluerindi á starfsárinu en markmiðið með fjarfræðsluerindunum er að ná til þeirra sem vinna að fullorðinsfræðslu með stuttum innsögum um það sem efst er á baugi hverju sinni. Erindin voru haldin með sama sniði og áður. Hvert erindi er 20 til 30 mínútna langt og samanstendur af fyrirlestri gestafyrirlesara og umræðum. Erindin eru flutt í gegnum Adobe Connect hugbúnað Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og eru allar upptökur gerðar aðgengilegar á heimasíðu

Leiknar. Þar eru leiðbeiningar um hvernig hægt er að tengjast inn á fjarfræðsluerindin. Veffréttabréf voru send út eftir þörfum til þess að kynna fjarfræðsluna, málþing eða annan fróðleik.

Stjórnarmenn skipta með sér verkum í að finna hugmyndir að fyrirlestrum, en jafn framt hafa aðilar óskað eftir því að fá að koma erindum að. Fjarfræðsluerindin voru haldin mánaðarlega frá október og út apríl. Öllum starfsmönnum stofnaðila er ávallt boðið til þátttöku en einnig er hægt að horfa á útsendingu hvar og hvenær sem er á vef Leiknar. Þátttakendur voru á bilinu 4 – 20 en ekki var alltaf vitað hve margir tóku beinan þátt því sent var í tölvur sem ýmist einstaklingar fylgdust með eða stærri hópar.

Fjarfræðsluerindin voru:

Þriðjudagur 10. október 2017: Helen Grey hjá Iðunni fræðslusetri kynnti verkefnið VISKA (Visible Skills of Adults) sem er Erasmus+ (KA3) stefnumótunarverkefni fjögurra landa. Í verkefninu er sjónum beint að því forgangsaðri í stefnu Evrópusambandsins að efla starfshæfni innflytjenda.

Þriðjudagur 7. nóvember 2017: Haukur Harðarsson fjallaði um „Hæfnisetur ferðaþjónustunnar“. Það er verkefni sem er vistað hjá Fræðslumiðstöð atvinnuvinnulífsins. Haukur fór yfir hlutverk, fjármögnun hugmyndafræði og helstu verkefni Hæfniseturs ferðaþjónustunnar.

Þriðjudagur 16. janúar 2018: Helgi Þorbjörn Svavarsson sagði frá og kynnti niðurstöður rannsóknarinnar „Inclusion of refugees through non-formal education“ sem gerð var á Norðurlöndunum og styrkur fékkst í frá Norrænu ráðherranefndinni.

Þriðjudagur 13. febrúar: Rut Magnúsdóttir og Anney Þórunn Þorvaldsdóttir verkefnastjórar hjá Mími, fjölluðu um námskeið í upplýsingatækni „Integrating ICT and new technologies into teaching and education“ sem þær sóttu til Tenerife haustið 2017. Námskeiðið var liður endurmenntun starfsmanna Mímis sem Erasmus+ styrkur fékkst til.

Þriðjudagur 13. mars 2018: Guðrún Lárusdóttir endurmenntunarstjóri hjá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri flutti erindi um starfsemina hjá Endurmenntun Lbhí.

Þriðjudagur 17. apríl 2018: „Fjórða iðnbyltingin!“ Ólafur Andri Ragnarsson, aðjúnkt við HR fjallaði um hvað átt er við þegar talað er um fjórðu iðnbyltinguna.

Stjórn Leiknar þakkar öllum þeim sem hafa haldið erindi og stuðlað þannig að aukinni fræðslu um áhugaverð málefni sem tengjast fullorðinsfræðslu. Aðildarfélagar eru hvattir til þess að koma ábendingum og tillögum um fróðlegt efni til stjórnar.

3.2. Innra starf Leiknar

Stjórn Leiknar fundaði um ýmis innri málefni á árinu sem tengjast verkaskiptingu, skipulagi og starfsáætlun. Á fyrsta stjórnarfundinum í september skipti stjórn með sér verkum og skipulagði starfið fram undan. Ákveðið var að halda tvo stjórnarfundum fyrir áramótin, og a.m.k. tvo eftir áramót, auk þess að nýta tölvupósta fyrir brýn erindi. Formaður fór yfir hlutverk og samþykktir Leiknar og hvatti stjórnarmenn að kynna sér samþykktir samtakanna. Leikn er upplýsinga- og samstarfsvettvangur fullorðinsfræðslu og tilgangurinn er að gæta breiðra hagsmuna fullorðinsfræðsluaðila. Skerpa þarf á þeim áherslum sem sameina fullorðinsfræðsluaðila svo þeir sjái sér hag í upplýsinga- og samstarfsvettvangi eins og Leikn er. Almenn er Leikn ekki vel þekkt út á við, en áhersla hefur verið lögð á að ná til almennra félagsmanna í gegnum mánaðarlegar útsendingar veffréttabréfa og fjarfræðsluerinda með tölvupósti. Áhersla stjórnar hefur verið á að ná til bæði starfsmanna og stjórnenda með fræðslu, verkefnum og upplýsingamiðlun. Alls eru 153 einstaklingar skráðir á póstlista Leiknar.

Leikn eru áhuga- og leikmannasamtök sem stunda ekki rekstur né halda úti skrifstofu og allir vinna sjálfbóðastarf í þágu samtakana samhliða eigin störfum. Stjórnin er sammála um halda áfram að vinna að uppbyggingu framsækinna fullorðinsfræðslu.

Leikn hefur átt í margvíslegu samstarfi við fræðsluaðila, stjórnvöld og stofnanir á sviði menntunar. Enn fremur er Leikn í samstarfi við önnur skyld félög og stofnanir sem styðja við framkvæmd fullorðinsfræðslu. Sérstaklega ber að nefna Kvasir, en samstarfið hefur verið með ágætum t.d. um sameiginleg málefni og fundi, sbr. ráðstefnur og fræðslu í tengslum við aðalfundi.

Samtökin eru ekki í formlegu sambandi við stjórnkerfið s.s. mennta- og menningarmálaráðuneyti en halda þó vöku sinni þegar kemur að álitserðum og sameiginlegum hagsmunum fullorðinsfræðsluaðila. Stjórn fjallaði um sérstaklega um aðkomu að málefnum fullorðinsfræðslu innan ráðuneytisins og ákveðið var að hafa samband við menntamálaráðuneytið varðandi aðkomu að endurskoðun laga um framhaldsfræðslu og sendi formaður erindi til ráðuneytis þar að lútandi. Eftir að vinna við endurskoðun laganna var hafin án Leiknar sendi stjórnin eftir farandi ályktun til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins:

Ályktun frá stjórn Leiknar dags. 02.02.2018:

Stjórn Leiknar, samtaka fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi, ítrekar ósk sína og áhuga á þátttöku í endurskoðun Framhaldsfræðslulagana, lög nr. 27/2010.

Leikn eru regnhlífarsamtök fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi með góða tengingu við bæði Norðurlönd og Evrópu. Tilgangur samtakanna er að efla fræðslu fullorðinna á Íslandi. Samtökin vilja stuðla að virkri umræðu um sí- og endurmenntun, auka upplýsingamiðlun og samskipti og samstarf milli fullorðinsfræðsluaðila og stjórnvalda annars vegar og efla erlend samskipti á sviði fullorðinsfræðslu hins vegar. Í allt eru 19 fræðsluaðilar með aðild að Leikn.

Leikn ítrekar því óskar sína um aðkomu Leiknar að Samráðshópi um nám fullorðinna sem nú þegar hefur hafið störf.

Fyrir hönd stjórnar

Guðrún Vala Elísdóttir formaður

Erindinu var svarað á þá leið að ekki hefði gleymst að bjóða fulltrúa Leiknar þátttöku í þessum hópi, því allir fræðslu- og símenntunaraðilar sem tilheyra Kvasi, samtökum fræðslu- og símenntunarmiðstöðva séu aðilar í Leikn. Samráðshópurinn hafi verið settur saman í tengslum við markhóp laga um framhaldsfræðslu en ekki í tengslum við fullorðinsfræðslu eða símenntun og því ekki talin ástæða að sinni að óska eftir tilnefningu frá Leikn. Hins vegar var Kvasi boðið að tilnefna fulltrúa. Leikn er velkomið að óska eftir fundi með sérfræðingi ráðuneytisins til að ræða málefni framhaldsfræðslu. Stjórn hefur ekki tekið ákvörðun um hvort verði óskað eftir því.

3.3. Heimasíða

Heimasíða Leiknar hafði verið óbreytt um langa hríð og höfðu ítrekaðar ábendingar komið um að kostnaður við rekstur hennar væri of hár auk þess að hún væri ekki í takt við tímann. Leikn hefur leitað eftir tilboðum í heimasíðumálin til að lækka kostnað við heimasíðuna. Haft var samband við fyrirtækið Netvöktun sem bauð Leikn upp á nýja vefsíðu og hýsingu í eitt ár fyrir 125.000 kr. og eftir það 45.979 kr. á ári. Stjórn samþykkti þetta tilboð og fór ný vefsíða í loftið í október. Allt eldra efni var fært yfir á nýjan vef. En ekki var liðinn langur tími þegar hýsingaraðilinn 1984.is varð fyrir því að allar vefsíður á hans vegum hrundu þ.á.m. leikn.is. Allt efni hvarf um tíma, en smám saman varð það aðgengilegt á nýjan leik og hefur formaður verið að vinna í að bæta inn efni inn á heimasíðuna. Ljóst er að nýja heimasíðan lítur vel út en að nauðsynlegt er að huga að því að koma fleiri myndum á síðuna t.d. með því að fá myndir úr starfi félagsaðila. Mikilvægt er að síðan sé virk og er stjórn sammála um að vera vakandi fyrir efni til að setja þar inn. Stjórn hvetur aðildarfélagi til þess að koma á framfæri efni sem þeir telja að þar eigi heima. Nauðsynlegt er að fara reglulega yfir efni síðunnar og gera breytingar og lagfæringar eftir þörfum. Stjórn ræddi um hvort ástæða væri til þess að endurnýja lógó Leiknar en ákveðið að bíða með að taka ákvörðun um það í bili.

Stofnað var netfangið formadur@leikn.is sem er virkt í notkun og öllum tölvupóstum ætluðum Leikn beint á það. Heimasíða Leiknar er www.leikn.is

3.4. Samstarf innanlands

Leikn tók þátt í málþingi í tilefni af evrópsku starfmenntavikunni sem haldið var 23. nóvember hjá IÐUNNI fræðslusetri í Reykjavík. Málþingið var á vegum Rannís. Formaður Leiknar Guðrún Vala flutti stutt erindi þar undir liðnum „Mikilvægi endurmenntunar/fullorðinsfræðslu“, en erindið var byggt á

punktum stjórnar um hvað efst væri á döfinni hjá þeirra stofnunum og var af mörgu að taka. Formaður lagði áherslu á að við mættum aldrei gleyma mikilvægi símenntunar og fullorðinsfræðslu, ekki bara fyrir einstaklingana heldur fyrir allt samfélagið allt.



Málþingið heppnaðist vel, en þátttaka hefði mátt vera betri. Glærur formanns af málþinginu má finna inn á heimasíðu Leiknar.

3.5. Alþjóðlegt samstarf

Frá upphafi samtakanna hefur Leikn tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi á sviði fullorðinsfræðslu. Aðallega hefur tíminn farið í vinnu innan norræns- baltnesks hóps (Nordic Baltic Network of National Adult Education) sem er vinnuhópur innan EAEA (European Association for the Education of Adults). Sá hópur hefur hist tvisvar á ári að meðaltali, á vorfundi hafa allir hist og á haustfundi hafa einungis norðurlandaþjóðirnar hist.

3.5.1. Ársfundur EAEA í Girona.

Aðalfundur EAEA (European Association for the Education of Adults) var haldinn 27.-28. júní í Girona á Spáni í samfloti með Grundtwig verðlaunahátíðinni og hinni árlegu ráðstefnu EAEA sem bar yfirskriftina „Engaging new learners“. Undanfarin ár hefur Leikn ekki sent fulltrúa á þennan aðalfund en ákveðið var að gera það í ár. Í ferðina fóru Guðrún Vala Elísdóttir nýr formaður Leiknar og Guðrún Lárusdóttir gjaldkeri. Einnig var tíminn nýttur fyrir norræna hluta EAEA til að hittast og funda um sín mál. Hingað til hafa verið haldnir tveir fundir á ári þar sem norræni vængur EAEA hittist á öðrum fundinum og á hinum fundinum hafa baltnesku þjóðirnar bæst við. Í ár var ákveðið að hafa bara einn sér fund fyrir norræna partinn og var hann haldinn í Jönköping í Svíþjóð í maí 2017. Um leið var ákveðið að stefna að því að samnýta ferðir betur og halda seinni norræna fund ársins hér eftir í samfloti við aðalfund EAEA. Næsti norræni fundurinn verður í Svíþjóð í júní nk. og næsti aðalfundur EAEA verður haldinn í Eistlandi í lok júní 2018 .



**EUROPEAN ASSOCIATION FOR
THE EDUCATION OF ADULTS**

Aðal þema ráðstefnunnar í Girona, var eins og fyrr segir að velta spurningunni fyrir sér hvernig hægt sé að ná betur til nýrra markhópa, jaðarhópa, hvernig hægt sé að efla nemendur til náms og í námi. Sérstaklega var verið að horfa á mismunandi hópa þ.e. nemendur með litla grunnfærni, innflytjendur og ungt fólk (young adults) sem hefur dottið út úr hinu hefðbundna skólakerfi. Þetta var rætt bæði í stórum erindum sem og í minni vinnuhópum. Einnig voru fluttar nokkrar raunsögur, bæði frá nemendum sem og fullorðinsfræðsluaðilum. Einn vinnuhópurinn fjallaði um norræna innflytjendaverkefnið sem Leikn tók þátt í og styrkt var af Norrænu ráðherranefndinni. Verkefnisstjóri þess var David Samuelsson frá sænsku fullorðinsfræðslusamtökunum Studieforbunden). Verkefninu er formlega lokið og hefur lokaskýrslu verið skilað en í beinu og óbeinu framhaldi hafa þróast áfram ýmis verkefni og hópar.

Ávinningur þess að Leikn taki þátt í Evrópustarfi sem þessu er virkt tengslanet og innsýn inn í það sem er að gerast í málaflokki í Evrópu. Hér á landi er allt mun smærra í sniðum og skrifstofa fullorðinsfræðsluaðila í landinu er engin á meðan félagar okkar á Norðurlöndunum reka stórar skrifstofur með 10-30 starfmönnum.

Í maí 2017 var fundur norræna baltneska EAEA hópsins haldinn í Jönköping í Svíþjóð og einmitt í tengslum við ráðstefnuna „NCAEL- 7th Nordic Conference on Adult Education and Learning“. Fundarefnið var loka uppgjör flóttamannaverkefnisins „New Nordic research and successful models of integration through non-formal adult education“, auk þess að hver fulltrúi gerði lítillega grein fyrir stöðu fullorðinsfræðslu í sínu landi. Fulltrúa vantaði frá Danmörku og Finnlandi. Á fundinn og ráðstefnuna mætti starfandi formaður Leiknar sem og gjaldkeri Leiknar og á ráðstefnuna fulltrúi frá Símei, Kristín Björk Gunnarsdóttir sem var boðin á ráðstefnuna vegna þátttöku við gagnaöflun í verkefninu.

Starf EAEA er í miklum blóma og er formaður samtakanna hinn danski Per Paludin Hansen. EAEA hefur áhrif á stefnu Evrópusambandsins um óformlega fullorðinsfræðslu og símenntun og vinnur með stofnunum Evrópusambandsins, samtökum borgaralegra félagasamtaka og annarra hagsmunaaðila á alþjóðlegum, evrópskum, innan Evrópusambandsins og innanlandsvettvangi. Starfsmenn samtakanna funda með stefnumótandi aðilum og hagsmunaaðilum, setja fram yfirlýsingar og bregðast við könnunum, en þetta eru þeirra aðal leiðir til þess að hafa áhrif á stefnumótandi aðila.

Leiðbeiningar EAEA um fullorðinsfræðslu á 21. öldinni gefur yfirlit yfir þá málaflokka sem verið er að vinna að og gildin sem samtökin telja mikilvæg.

EAEA skipuleggur einnig viðburði með og fyrir stofnanir ESB fyrir hönd almennra borgara á sviði fullorðinsfræðslu og kemur sjónarmiðum á framfæri á ráðstefnum og í vinnuhópum. EAEA er nú aðili að ET2020 vinnuhópunum um fullorðinsfræðslu og um menntun. Heimasiða EAEA er:

<https://eaea.org/>

3.5. Þróunarverkefni

Leikn tekur þátt í innlendum og erlendum þróunarverkefnum á þann hátt að virkja stjórnarmenn eða stofnfélaga til þátttöku. Á starfsárinu var unnið að tveimur samstarfsverkefnum:

3.5.1 GOAL (Guidance and Orientation for Adult Learners)

Leikn átti fulltrúa í samráðshópi vegna Erasmus+ verkefnis sem Fræðslumiðstöð atvinnulífisins var aðili að. GOAL er þróunar- og stefnumótunarverkefni sem Fræðslumiðstöð atvinnulífisins, Mímir og MSS tóku þátt í en auk Íslands voru þátttakendur frá Hollandi, Tékklandi, Slóveníu, Litháen, Tyrklandi og Belgíu. Verkefnið sem var til þriggja ára, hófst formlega 1. febrúar 2015 og var undir forystu flæmska mennta- og menningarmálaráðuneytisins í Belgíu. Áherslan var á að finna leiðir og þróa aðferðir sem nýtast til þess að ná til þeirra sem síst leita eftir ráðgjöf og hvernig best sé að sinna þeim. Meðfram verkefninu var rannsakað hvernig til tækist og sá Menntavísindastofnun HÍ um framkvæmd rannsókna hér á landi m.a. með rýnihópasamtölum og símaviðtölum við hluta þátttakenda, til að meta verkefnið.



GOAL verkefninu lauk formlega í janúar 2018 með ráðstefnu í Brussel, en unnið verður áfram með niðurstöðurnar hér. Áður höfðu innlendar niðurstöður verið kynntar hagsmunaðilum hérlendis á ráðstefnu og vinnufundi í desember 2017. Í stuttu máli má segja að verkefnið hafi haft eflandi áhrif á samstarf á öllum þrepum varðandi námsráðgjöf fyrir hópa sem standa fjær námi og dregið fram mikilvæga þætti í því samstarfi eins og tilvísanaferli, innihald ráðgjafar, færni ráðgjafa og tæki. Rannsóknarniðurstöður sýna að sú ráðgjöf sem prófuð var hafði hvetjandi áhrif á markhópin.

Fulltrúi Leiknar í GOAL var Guðrún Vala Elísdóttir hjá Símenntunarmiðstöð Vesturlands. Heimasíða GOAL er hér: <https://adultguidance.eu>

3.5.2 VISKA

Leikn fékk beiðni um að tilnefna fulltrúa í VISKA (Visible Skills of Adults), og var Guðrún Vala tilnefnd og Helgi Þorbjörn Svavarsson til vara. VISKA er tilrauna- og rannsóknarverkefni sem beinir sjónum að því forgangsatríði í stefnu Evrópusambandsins að efla starfshæfni innflytjenda með því að meta færni

þeirra og auka þar með möguleika á því að fá störf við hæfi og hlúa að félagslegri aðlögun. Miðað er að því að þróa og efla tengslanet hagsmunaðila og þróa verkfæri sem gera færni innflytjenda sýnilegri. Verkefnið er til þriggja ára og lýkur í byrjun árs 2020. Niðurstöður koma til með að veita upplýsingar fyrir stefnumótun landanna í málaflokkunum. Hægt er að nálgast nánari upplýsingar um verkefnið á:

<http://viskaproject.eu/>



3.5.3 Fullorðinsfræðsla, flóttamenn og virkni á vinnumarkaði

Norræna verkefnið „Fullorðinsfræðsla, flóttamenn og virkni á vinnumarkaði“ hófst árið 2016 með því að leitað var að „góðum dæmum“ til eftirbreytni varðandi menntunarmöguleika hælisleitenda eða flóttafólks innan almennar fullorðinsfræðslu til aðlögunar. Verkefnið var styrkt af Norrænu ráðherranefndinni og var Guðrún Vala Elísdóttir fulltrúi Leiknar og sá um gagnaöflun á Íslandi.

Skemmst er frá því að segja að engin dæmi fundust á Íslandi sem rímuðu alveg við verkefnið, en tvö voru valin sem komust næst því að uppfylla viðmiðin, frá Símei er varðandi samfélagsfræðslu flóttamanna og um Landnemaskólann hjá Mími.

Markmiðið var að kortleggja aðferðir sem hvetja til virkni og þátttöku flóttafólks í námi og störfum. Áhersla var lögð á eflingu mannauðs í verkefninu og að þróa aðferðir til að þjónusta flóttafólk og aðstoða það til virkar þátttöku á vinnumarkaði og í námi. Greining og samantekt á völdum



norden

Norræna ráðherranefndin

dæmum (sem voru alls 22 samtals frá Danmörku, Svíþjóð, Noregi, Finnlandi og Íslandi) leiddi í ljós að það er tilhneiging meðal fræðsluaðila á Norðurlöndunum að flokka nemendur í tvo flokka; þá sem hafa einhvers konar menntun fyrir og er þá áhersla lögð á að hraða aðlögunarferli í nýjum aðstæðum, og hina sem hafa litla menntun og starfsreynslu, en þá er áherslan á að finna hæfni einstaklinganna sem getur nýst þeim í nýjum aðstæðum. Oftast er mikil áhersla lögð á að einstaklingar komist eins fljótt og hægt er á vinnumarkaðinn. Sameiginleg niðurstaða allra er að tungumálið sé lykillinn að samfélaginu og tungumálakennsla er fléttuð inn í nánast alla þjálfun. Niðurstöður voru kynntar á ráðstefnu í Jönköping í maí 2017 benda þó fyrst og fremst til þess að framkvæma þurfi fleiri og ítarlegri rannsóknir á því hvað henti best í almennri fullorðinsfræðslu fyrir flóttafólk. Hér má fá nánari upplýsingar um verkefnið: <http://www.denoffentlige.dk/danmark-er-daarligst-i-skandinavien-til-integration-sverige-er-bedst>

F.h. stjórnar Leiknar,

Guðrún Vala Elísdóttir, formaður.

Félagsaðilar Leiknar árið 2017-2018

1. **Austurbrú**, Tjarnarbraut 39, 700 Egilsstaðir – Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri (jona@austurbru.is)
2. **Endurmenntun Landbúnaðarháskóla Íslands**, Hvanneyri, 311 Borgarnesi – Guðrún Lárusdóttir endurmenntunarstjóri (gurra@lbhi.is).
3. **Farskólinn - miðstöð símenntunar á NV landi**, Faxatorgi, 550 Sauðárkróki – Bryndís Kristín Þráinsdóttir framkvæmdastjóri (bryndis@farskolinn.is).
4. **Félagsmálaskóli alþýðu**, Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík – Eyrún Björk Valsdóttir skólastjóri (eyrun@felagsmalaskoli.is)
5. **Fjölmennt**, Vínlandsleið 14, 113 Reykjavík – Helga Gísladóttir forstöðumaður (helgag@fjolmennt.is)
6. **Framvegis miðstöð símenntunar**, Skeifan 11b, 108 Reykjavík – Vigdís Þyri Ásmundsdóttir (vigdis@framvegis.is)
7. **Fræðslumiðstöð atvinnulífsins**, Skipholti 50b, 105 Reykjavík – Sveinn Aðalsteinsson framkvæmdastjóri (sveinn@frae.is)
8. **Fræðslumiðstöð Vestfjarða**, Suðurgata 12, 400 Ísafjörður – Elfa S. Hermannsdóttir forstöðumaður (elfa@frmst.is)
9. **Fræðslunetið – Símenntun á Suðurlandi**, Tryggvagata 13, 800 Selfoss – Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri (eyjolfur@fraedslunet.is)
10. **Fræðslusetrið Starfsmennt**, Skipholti 50b, 105 Reykjavík – Guðfinna Harðardóttir framkvæmdastjóri (gudfinna@smennt.is)
11. **IDAN-Fræðslusetur**, Vatnagarðar 20, 104 Reykjavík – Hildur Elín Vignir framkvæmdastjóri (hildur@idan.is)
12. **Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum**, Krossmóa 4, 260 Reykjanesbæ – Guðjónína Sæmundsdóttir forstöðumaður (ina@mss.is)
13. **Mímir-símenntun**, Höfðabakka 9, 110 Reykjavík – Sólveig Hildur Björnsdóttir framkvæmdastjóri (solveighildur@mimir.is)
14. **Námsflokkar Hafnarfjarðar**, Menntasetrið við Lækinn, 220 Hafnarfirði – Theodór Hallsson skólastjóri (teddi@hafnarfjordur.is)
15. **Námsflokkar Reykjavíkur**, Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík – Iðunn Antonsdóttir forstöðumaður (idunn.antonsdottir@reykjavik.is)
16. **SÍMEY - Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar**, Þórsstíg 4, 600 Akureyri – Valgeir Magnússon framkvæmdastjóri (valgeir@simey.is)
17. **Símenntunarmiðstöð Vesturlands**, Bjarnarbraut 8, 310 Borgarnes – Inga Dóra Halldórsdóttir framkvæmdastjóri (ingadora@simenntun.is)
18. **Viska – símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja**, Strandvegi 50, 900 Vestmannaeyjar – Valgerður Guðjónsdóttir forstöðumaður (viska@eyjar.is)
19. **Þekkingarnet Þingeyinga**, Hafnarstétt 3, 640 Húsavík – Óli Halldórsson forstöðumaður (oli@hac.is)